

# Magnús L. Sveinsson – leyni-vopn sjálfstæðra kvenna?

KVENNAHREYFINGUNNI  
barst liðsauki á haustdögum begar svokallaðar sjálfstæðar konur blésu í lúðra og boðuðu „nýjar áherslu“ í kvennabaráttu. Við kvennalistakonur fögnum því að konur í Sjálfstæðisflokknum séu orðnar sýnilegri. Hinsvegar er miður að öll orka hinna sjálfstæðu kvenna fari í að ráðast gegn kynsystrum sínum. Þær vanþakka allt sem áunnist hefur og hamra á því að íslensk kvennabaráttu hafi mistekist. Orð beirra mætti skilja svo að verri hafi verið af stað farið en heima setið. Gagnrýnin væri e.t.v. skiljanleg, ef sjálfstæðar konur hefðu nýjar og róttækar tillögur á takteinum. Svo er þó ekki.

## Ureltar tillögur

Lausnir hópsins eru gamaldags og minna einna helst á boðskap Betty Friedan frá 1963. Líkt og sjálfstæðar konur þrjátíu árum síðar boðaði hún viðhorfsbreytingu. Ólíkt Betty, sem lagði allt að veði, sitja þær sjálfstæðu hins vegar í kastala sínum og treysta á hugdjarfa riddara að reka erindi beirra á þingi. Af hverju styðja bessar konur ekki aðrar konur í beirri stjórmálabaráttu sem nú fer fram í stað þess að gerast erindrekar Egils á Seljavöllum, Halldórs Blöndals eða Davíðs Oddssonar, sem eiga það sameiginlegt að hafa unnið sér flest annað til frægðar en stuðning við baráttu kvenna?

Alþjóð er kunnugt um hver



Pórunn Sveinbjarnardóttir



Ragnhildur Vigfúsdóttir



Anna Kristín Ólafsdóttir

**Launamisrétti kynjanna, segja þær**  
**Pórunn Sveinbjarnardóttir, Ragnhildur Vigfúsdóttir og Anna Kristín Ólafsdóttir, er í brennidepli í þessari kosningabaráttu.**

6. 4. '95

framkvæmt kvenna hefur verið innan Sjálfstæðisflokkssins, stærsta stjórmálaflokks á Íslandi. Það var ekki fyrr en sjálfstæðismönnum varð ljóst að þeir voru að tapa

fylgi meðal ungra kvenna að upprisu sjálfstæðar konur og launamisréttið „uppgötvaðist“ á þeim bæ.

## Loksins, loksins!

Launamisrétti kynjanna er í brennidepli í þessari kosningabaráttu. Kjósendur krefjast svara – raunhæfra tillagna til leiðréttингar á því mannréttindabroti sem launamisréttið er. Gömlu flokkarnir hafa eytt drjúgum fúlgum í að auglýsa yfirborðskennndar lausnir sínar. Lausn Sjálfstæðisflokkssins er viðhorfsbreyting. En hverra? Samkvæmt málflutningi sjálfstæðra kvenna er það enn sem fyrr á ábyrgð kvenna sjálfra að breyta stöðunni. Konur eiga að herða sig, teyma karlana að vöskunum, fara á sjálfstyrkingarná-

mskeið og heimta hærra kaup. Sjálfstæðar konur klifa á því að skýringa sé að leita í skorti á sjálfstrausti og sjálfstæði kvenna. Þessi röksemdafærsla gerir ráð fyrir að launamisrétti kynjanna sé helber tilviljun, eða tilkomid vegna aumingjaskapar kvenna. Allir vita að málid er flóknara en svo.

Launamisrétti á sér djúpar rætur í íslensku samfélagi og því er aðgerða þörf á mörgum sviðum. Viðhorfsbreyting er ein þeirra. Ekki bara viðhorfsbreyting einstakra karla og kvenna, heldur einnig atvinnurekenda og stjórnvalda. Raunveruleg viðhorfsbreyting til kvenna og þeirra starfa sem þær inna af hendi í þjóðfélaginu kemur ekki af sjálfri sér. Ef konur eiga að fá aukið sjálfstraust og sjálfsvirðingu verður að meta þær að verðleikum og á vinnumarkaði til launa. Þess vegna verða stjórnvöld að gera launajafnrétti að forgangsmáli.

## Leynivopnið Magnús

Pegar tíunda sætið á lista Sjálfstæðisflokkssins í Reykjavík losnaði skyndilega bjuggust margir við að hugmyndir sjálfstæðu kvennanna fengju brautargengi og sjálfssagt þætti að setja eina þeirra í það sæti. Þess í stað var rykið dustað af karlmanni á miðjum aldrí, Magnúsi L. Sveinssyni, sem allir héldu að væri hættur í pólitík – og enginn saknaði. Var þessi „verkalýðsforkólfur“ talinn best til þess fallinn að leiðréttá launamun kynjanna vegna góðrar frammistöðu í eigin félagi? Er hann leynist sjálfstæðra kvenna – eða fengu þær engu um ráðið? Það er dapurlegt til þess að hugsa ef hið síðara reynist rétt. Hvað segir það okkur um vægi ungra, sjálfstæðra og jafnréttissinnaðra kvenna inn-

an flokksins? Það er raunar fjarska erfitt að skilja hæversku þeirra og flokkshollustu. Enn og aftur eru konur dregnar upp á dekk í kosningabaráttu til að flikka upp á ímynd flokksins. Enn og aftur beitir forystan konum fyrir sig tímabundið til að öðlast yfirbragð jafnréttis og framsækni. En þær eru fáar konurnar í öruggu sætum, og líklega engar á ráðherralistanum sem þeir Davíð og Friðrik hafa í handraðanum. Viðhorfsbreytingin er nefnilega lítið annað en innantómt slagorð.

## Samtakamáttur margbreytilegra kvenna

Meðal sjálfstæðra kvenna er samtakamáttur bannorð. Þær tala um hóphyggju og vinstrivillu, og leggja áherslu á að hver einstaklingur berjist fyrir hugsjónum sínum og réttindum einn og sér. Engu að síður hefur varla birst eftir þær stafur á prenti nema í nafni hópsins. E.t.v. eru þær smáman að uppgötva að með sterki samstöðu geta konur haft veruleg áhrif á lífsskilyrði sín og kynsystra sinna. Kvennalistinn hefur náð miklum árangri með því að virkja samtakamátt kvenna. Enn á ný eru baráttumál hans aðalkosningamálin. Aðspurð á fundi um launamisréttið sagði Katrín Fjeldsted að hún treysti Davíð og Friðrik til að leiðréttá það undir öruggri handleðslu – og meinti þá sinni. Við erum sannfærðar um að meira burfi til. Reynslan kennir okkur að án öruggar handleðslu Kvennalistans í ríkisstjórn mun petta mál fyrnast strax eftir kosningar. Atkvæði greitt Kvennalistanum er atkvæði gegn launamisréttinu.

Höfundar eru kvennalistakonur.